



HRUNAMANNAHREPPUR

44. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 13. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. DESEMBER 2017
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 7. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Húsnæðisstefna Hrunamannahrepps 2017-2025.
2. Fjárhagsáætlun 2018-2021. (Seinni umræða)
3. Björgunarfélagið Eyvindur: Samstarfssamningur.
4. Ísland ljóstengt 2018.
5. Snorraverkefnið: Ósk um styrk.
6. Míla ehf: Leigusamningur.
7. Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps: Sameiginlegt atvinnumálþing.
8. Umhverfisstofnun: Beiðni um tilnefningar í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver.
9. Orkunýtingarstefna SASS: Umsagnarbeiðni.
10. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.
11. Tillögur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands um úrgangsmál á Suðurlandi og valkostarskýrsla.
12. Landgræðslan: Minnisblað vegna seyruverkefnisins.
13. Sorpstöð Suðurlands: Félagafundur Sorpstöðvar 15. desember nk. Tilnefning fulltrúa.
14. Þriggja fasa rafmagn: Erindi.
15. Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.
16. Samband íslenskra sveitarfélaga: Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis og kynferðislegrar og kynbundinar áreitni.
17. Staða persónuverndarmála hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tilboð um persónuverndarúttekt.
18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneshrepps:

19. Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða frá 23. nóvember s.l.
20. Fundargerð 144. fundar Skipulagsnefndar frá 9. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l.
Mál nr. 9: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
21. Fundargerð 145. fundar Skipulagsnefndar frá 23. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 15. nóvember s.l.
Mál nr. 14: Unnarholtskot 1C. Stofnun lóðar.
Mál nr. 15: Garðastígur 8. Fyrirspurn vegna smáíbúða.
Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
22. Stjórn UTU bs: Fundargerð 47. fundar stjórnar frá 9. nóvember s.l.
23. Skólaláttunustu- og velferðarnefnd Árneshrepps: Fundargerð 24. fundar frá 24. október s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 260. fundar stjórnar frá 18. október s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 20. október s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 261. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.

- d. Starfshópur vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu: Fundargerð fundar frá 19. september s.l.
- e. Tónlistarskóli Árneseinga. Fundargerð 185. fundar fagraðs frá 30. október s.l.
- f. Héraðsnefnd Árneseinga bs: Fundargerð 11. haustfundar frá 10. og 11. október s.l.
- g. Bergisinn bs. Fundargerð ársfundar frá 25. október s.l.
- h. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 19. október s.l.
- i. SASS: Aðalfundargerð frá 19. og 20. október s.l.
- j. SASS: Fundargerð 526. Fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- k. Kjörsókn við alþingiskosningar í Hrunamannahreppi 28. október 2017.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 853. fundar stjórnar frá 27. október s.l.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 854. fundar stjórnar frá 24. nóvember s.l.
- n. Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2017.
- o. Samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara á niðurstöðum í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum í grunnskólum.
- p. Vegagerðin: Niðurfelling Unnarholtskotsvegur nr. 3475 af vegaskrá.
- q. Umhverfisstofnun: Upplýsingagjöf sveitastjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs.
- r. Orkustofnun: Rannsóknarleyfi Landsvirkjunar Stóru-Laxá.
- s. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Niðurstaða stjórnsýslukæru vegna Hrunalaugar.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Vernd og endurheimt votlendis.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2017-2025.**
Lögð var fram drög að húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2017-2025. Á fundinn mætti Daði Geir Samúelsson og fór yfir helstu atriði húsnæðisáætlunarinnar og forsendur hennar. Sveitarstjórn þakkar Daða Geir fyrir góða vinnu og samþykkir húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2017-2025.
2. **Fjárhagsáætlun 2018-2021. (Seinni umræða)**
Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2018-2021 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2018 sem snerta tekjulið og lítillega gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir auknum tekjum af staðgreiðslu en minni tekjum úr Jöfnunarsjóði en jafnframt aukningu á fjárfestingu vegna fráveitu og Hrunaljóss. Þá er einnig gert ráð fyrir að veita meira fjármagni til Björgunarfélagsins Eyvindar og til viðhalds og tækjakaupa í félagsheimili og íþróttahúsi. Þá er gert ráð fyrir lántöku í aðalsjóði vegna fjárfestingarverkefna og aukinni lántöku vegna Hrunaljóss.
Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2018 verða því þessar:
Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 52.013.000.
Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 57.191.000.
Veltufé frá rekstri kr. 128.823.000.
Heildareignir A. hluta kr. 1.196.888.000.
Heildareignir A og B. hluta kr. 1.394.297.000.
Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 530.549.000.
Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 754.791.000.
Eigið fé A hluta kr. 666.339.000.
Eigið fé A og B hluta kr. 639.507.000.
Skuldahlutfall 75% af heildartekjum.
Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 97,7 millj. í áætluninni, þar af kr. 3 millj. í gatnagerð og kr. 10 millj. vegna íþróttasvæðis. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 49 millj. í vatnsveitu 5 millj., í hitaveitu 10 millj. og vegna ljósleiðara kr. 20,7. millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 45 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra

gagna og samþykkt frá 42. fundi sveitarstjórnar þann 2. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2019-2021 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 2. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2018.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2018-2021 samhljóða.

3. **Björgunarfélagið Eyvindur: Samstarfssamningur.**

Varaoddviti kynnti drög að nýjum samstarfssamningi við Björgunarfélagið Eyvindur. Sveitarstjórn samþykkir samninginn eins og hann liggur fyrir á fundinum og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Halldóra víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

4. **Ísland ljóstengt 2018.**

Oddviti kynnti niðurstöðu um úthlutun styrkja frá Fjarskiptasjóði vegna verkefnisins „Ísland ljóstengt 2018“ en Hrunamannahreppur fékk ekki styrk að þessu sinni en sótt var um styrk til að klára þann 1/3 af verkefninu sem eftir stóð. Sveitarstjórn samþykkir að það verði skoðað hvort hægt sé að klára verklegar framkvæmdir vegna lagningar á ljósleiðaranum á árinu 2018 þannig að hægt sé að tengja kerfið strax byrjun ársins 2019 með þeim fyrirvara að þá fengist styrkur til verkefnis vegna ársins 2019.

5. **Snorraverkefnið: Ósk um styrk.**

Oddviti kynnti styrkbeiðni vegna Snorraverkefnis. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. **Míla ehf: Leigusamningur**

Oddviti kynnti nýjan leigusamning við Mílu ehf til eins árs vegna afnota af aðstöðu í ráðhúsinu á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

7. **Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps: Sameiginlegt atvinnumálaþing.**

Oddviti kynnti erindi frá atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps um hvort áhugi væri að halda sameiginlegt atvinnumálaþing í Uppsveitum í mars 2018. Sveitarstjórn lýst vel á hugmyndina og samþykkir að taka þátt.

8. **Umhverfisstofnun: Beiðni um tilnefningar í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver.**

Oddviti kynnti beiðni frá Umhverfisstofnun um tilnefningu frá Hrunamannahreppi í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið í Þjórsárverum. Sveitarstjórn samþykkir skipa Kolbrúnu Haraldsdóttur í ráðgjafanefndina og Unnstein Loga Eggertsson til vara.

9. **Orkunýtingarstefna SASS: Umsagnarbeiðni.**

Oddviti kynnti drög að orkunýtingarstefnu SASS fyrir 2017-2030 og umsagnarbeiðni frá SASS um stefnuna. Sveitarstjórn fagnar að farið hafi verið í að vinna samræmda orkunýtingarstefnu fyrir svæðið og samþykkir orkunýtingarstefnu SASS 2017-2030.

10. **Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.**

Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ fyrir árið 2017. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 50.000 til verkefnisins. Kostnaður verði bókaður af lið 0980.

11. **Tillögur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands um úrgangsmál á Suðurlandi og valkostaskýrsla.**

Oddviti kynnti tillögur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands um úrgangsmál á Suðurlandi og valkostaskýrslu í söfnun og meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögunum á Suðurlandi. Sveitarstjórn lýsir ánægju með þær tillögur sem lagðar eru fram og vísar jafnframt tillögunum og skýrslunni til meðhöndlunar í umhverfisnefnd.

12. **Landgræðslan: Minnisblað vegna seyruverkefnisins.**

Oddviti kynnti minnisblað frá Landgræðslunni vegna notkunar á seyru til uppgræðslu í Landgræðslugirðingunni á Hrunamannafrétti.

13. **Sorpstöð Suðurlands: Félagafundur Sorpstöðvar 15. desember nk. Tilnefning fulltrúa.**

Oddviti kynnti beiðni frá stjórn Sorpstöðvar Suðurlands um tilefningu fulltrúa á félagafund SOS sem haldinn verður þann 15. desember nk. Sveitarstjórn

samþykkir að skipa Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra, sem fulltrúa á fundinn og Halldóru Hjörleifsdóttur, oddvita, sem varamann.

14. Þriggja fasa rafmagn: Erindi.

Oddviti kynnti erindi frá íbúum í Tungufelli, Fossi, Haukholtum og Hvítárdal að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að lagt verði 3ja fasa rafmagn á bæina samhliða lagningu ljósleiðara. Sveitarstjórn tekur undir erindið og mun ræða við Rarik um mögulegt samstarf.

15. Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Oddviti kynnti skýrslu nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

16. Samband íslenskra sveitarfélaga: Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis og kynferðislegrar og kynbundinar áreitni.

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru hvött til að setja sér stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis og kynferðislegrar og kynbundinar áreitni. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og felur sveitarstjóra að hefja undirbúning að slíkri vinnu.

17. Staða persónuverndarmála hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tilboð um persónuverndarúttekt.

Oddviti kynnti upplýsingar og leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um hvað nýjar persónuverndarreglur þýði fyrir sveitarfélögin og tilboð vegna greiningarvinnu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að hefja undirbúning vegna innleiðingar nýrra persónuverndarreglna og mögulega í samstarfi við önnur sveitarfélög. Jafnframt er honum heimilað að semja um kaup á þjónustu vegna þessarar vinnu.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 11. janúar nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

19. Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða frá 23. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða frá 23. nóvember s.l. Þar var farið yfir rekstur verkefnisins og fjárfestingu á árinu 2017. Þá var farið yfir mögulega fjárfestingu og rekstur vegna kaupa á búnaði til seyrulosunar í sveitarfélagunum. Þá var einnig rætt um nauðsyn þess að byggja húsnæði yfir aðstöðuna á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í að kaupa búnað til seyrulosunar í sveitarfélagunum og lýsir jafnframt yfir að sveitarfélagið er tilbúið til að taka að sér rekstur á slíkri starfsemi sem hluta af rekstri Seyrustaða á Flúðum.

20. Fundargerð 144. fundar Skipulagsnefndar frá 9. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 144. fundar skipulagsnefndar frá 9. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 9: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l.

21. Fundargerð 145. fundar Skipulagsnefndar frá 23. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 15. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 145. fundar skipulagsnefndar frá 23. nóvember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 14: Unnarholtskot 1C. Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 5.939m² íbúðarhúsaloðar úr landi Unnarholtskots 1 sem myndi fá nafnið Unnarholtskot 1C. Aðkoman að lóðinni yrði um nýjan aðkomuveg sem jafnframt yrði nýr aðkomuvegur að jörðunum Unnarholtskoti 1 og 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda Unnarholtskots 1, 1B og 2 fyrir nýjum aðkomuvegi. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 15: Garðastígur 8. Fyrirspurn vegna smáíbúða.

Lögð fram fyrirspurn frá GO fjárfestingum um afstöðu skipulagsnefndar og sveitarstjórnar til uppbygginga smáíbúða á lóð Flúðasveppa að Garðastíg 8. Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir að byggð verði 8-10 hús sem innihaldi ýmist fjórar litlar stúdíóíbúðir eða tvær stærri íbúðir. Húsin væru fyrst og fremst ætluð fyrir starfsmenn Flúðasveppa en einnig gæfist möguleiki á útleigu til ferðamanna eftir því sem aðstæður leyfðu. Á fundinn mætti Georg Ottósson og gerði nánari grein fyrir hugmyndinni.

Sveitarstjórn lýsir sig hlynnta því að gert verði ráð fyrir starfsmannaíbúðum á lóðinni eins og málið hefur verið kynnt fyrir henni en að ekki verði gert ráð fyrir útleigu til ferðamanna eins og sakir standa. Sveitarstjórn telur jafnframt nauðsynlegt að gera breytingu á deiliskiplagi lóðarinnar þar sem gert sé ráð fyrir starfsmannaíbúðum.

Mál nr. 16: Gata II. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða úr landi Götu. Samkvæmt tillögum er gert ráð fyrir að byggingarreitir lóðar 4 stækki, ákvæði um aukahús breytist auk þess sem byggingarmagn eykst úr 400m² í 500m². Jafnframt liggur fyrir samþykki allra lóðarhafa innan svæðisins

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og þar sem fyrir liggur samþykki allra lóðarhafa á svæðinu er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. nóvember s.l.

22. **Stjórn UTU bs: Fundargerð 47. fundar stjórnar UTU bs. þar var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir byggðarsamlagið vegna 2018 og ráðning starfsmanns.**
Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir 2018 og staðfestir fundargerðina.
23. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna: Fundargerð 24. fundar frá 24. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar voru lögð fram drög að endurnýjuðum reglum þjónustunnar um fjárhagsaðstoð. Lagðar voru fram til kynningar staða helstu málaflokka janúar-september 2017, tillaga að gjaldskrá fyrir 2018 og fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustunnar fyrir 2018. Sveitarstjórn samþykkir endurnýjaðar reglur fyrir fjárhagsaðstoð, tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2018 og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 260. fundar stjórnar frá 18. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 20. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 261. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Starfshópur vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árneshöfna: Fundargerð fundar frá 19. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Tónlistarskóli Árneshöfna. Fundargerð 185. fundar fagraðs frá 30. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Héraðsnefnd Árneshöfna bs: Fundargerð 11. haustfundar frá 10. og 11. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Bergisinn bs. Fundargerð ársfundar frá 25. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 19. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **SASS: Aðalfundargerð frá 19. og 20. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **SASS: Fundargerð 526. Fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- k. Kjörsókn við alþingiskosningar í Hrunamannahreppi 28. október 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 853. fundar stjórnar frá 27. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 854. fundar stjórnar frá 24. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara á niðurstöðum í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum í grunnskólum.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Vegagerðin: Niðurfelling Unnarholtskotsvegur nr. 3475 af vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Umhverfisstofnun: Upplýsingagjöf sveitastjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs.**
Lagt fram til kynningar.
- r. 9**
Lagt fram til kynningar.
- s. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið: Niðurstaða stjórnarsýslukæru vegna Hrunalaugar.**
Lagt fram til kynningar.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Vernd og endurheimt votlendis.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.55.